

2314. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 25. september 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli (og á Teams).

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Jón Rúnar Halldórsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Unnar Stefán Sigurðsson, Þorkell Máni Pétursson.

Á Teams: Sveinn Gíslason.

Mættir starfsmenn: Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri, Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri, Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt rafrænt.

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð stjórnarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

- 6 mánaða uppgjör
 - Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum og fór yfir 6 mánaða uppgjör KSÍ. Reksturinn er á áætlun.
- Vallarmál - Málefni Laugardalsvallar – Staða mála
 - Formaður fór yfir stöðu mála, rakti það sem gerst hefur í málefnum Laugardalsvallar síðustu vikur og fór yfir næstu skref og framhald verkefnisins. Vonast er eftir að fyrsti áfangi hefjist fljótlega að loknum leikjum A landsliðs karla í október. Stjórnarmenn ræddu ítarlega um ýmislegt tengt framvindu komandi framkvæmda og framtíð Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs.
- Landsliðsmál - A lið karla og A lið kvenna
 - Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ fór yfir september-verkefni A landsliðs karla og komandi haustverkefni A landsliða karla og kvenna, og fór einnig yfir stöðu mála varðandi þátttöku A landsliðs kvenna í úrslitakeppni EM í Sviss sumarið 2025. Þá voru einnig rædd ýmis önnur málefni tengd báðum landsliðum.
- Mótamál
 - Helga Helgadóttir varaformaður KSÍ og formaður mótanefndar fór yfir ýmislegt tengt mótamálum. Það líður að lokum móta ársins 2024 og keppni í flestum yngri flokkum nú þegar lokið. Undirbúningur móta 2025 er hafinn og hefur meðal annars verið leitað til félaga um endurmat á mótafyrirkomulagi núverandi árs. Margir stjórnarmenn tóku til máls, skipst var á ýmsum skoðunum og sköpuðust miklar umræður um árangur og framvindu ársins og framtíðarfyrirkomulag móta.
- Dómaramál
 - Halldór Breiðfjörð Jóhannsson formaður dómaranefndar kynnti tillögu að nýjum og uppfærðum starfsreglum dómaranefndar. *Stjórn samþykkti tillöguna.*
- Önnur mál
 - Fundargerðir frá fjárhagsnefnd og dómaranefnd lagðar fram og kynntar.
 - Stjórn samþykkti að sæma Magnús Ásgrímsson knattspyrnufrömuð af Austurlandi og fyrrverandi stjórnarmann í KSÍ gullmerki sambandsins.*
 - Formaður greindi frá nýlegum fundum fulltrúa KSÍ með fulltrúum UEFA og svo fundi smærri knattspyrnusambanda innan UEFA þar sem ýmis sameiginleg hagsmunamál voru rædd.
 - Rætt var um vallarmál og flóðlýsingu á leikvöngum félaga í efstu deildum almennt. Einnig, í því samhengi, var rætt um niðurstöðuna í vallarmálum Víkinga og heimaleiki þeirra í Sambandsdeild UEFA.
 - Stjórnarmenn ræddu almennt um samfélagsmál, uppeldishlutverk knattspyrnufélaga og knattspyrnuhreyfingarinnar í heild.

Fundi slitið kl. 18:07

Fundarritari: Ómar Smárason

Næstu stjórnarfundir eru fyrirhugaðir 23. október og 27. nóvember.